



2010

Þjóðarspegilinn

Áferð landslags

Katrín Anna Lund

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áferð landslags

Katrín Anna Lund

Þessari grein er ætlað að setja fram vangaveltur um hugtakið landslag eins og það hefur verið sett fram, á mismunandi vegu, í hinum svokölluðu landslagsfræðum. Þó svo að hugtakið megi virðast augljóst er það svo alls ekki þegar að kemur að fræðilegum nálgunum og skilgreiningum. Þetta varðar ekki síst áferð landslagsins og í því samhengi þá hvernig fólk upplifir og skynjar landslag.

Ég mun hefja vangavelturnar á stuttri útlistun á verkum nokkurra mannfræðinga sem fóru að velta fyrir sér hugtakinu landslagi í byrjun 10. áratugar sl. aldar. Ástæða þess að ég tek fyrir mannfræðingana sérstaklega er þörfin fyrir að einangra vangavelturnar en mannvistarlandfræðingar höfðu á þessum tíma eytt mun meiri tíma í að skoða hugtakið í samhengi við sín fræði, oft út frá öðrum forsendum en mannfræðingarnir. Á hinn bóginn fór mannfræðilega umræðan fram undir miklum áhrifum frá landfræðinni. Því næst mun ég velta fyrir mér hvar fræðin standa í dag og þá ekki síst í ljósi skrifta mannfræðingsins Tim Ingold en sú fyrirbærafræðilega nálgun sem hann hefur beitt á hugtakið hefur haft mikil áhrif á landslagsfræðin langt út fyrir mannfræðina og hefur meðal annars gert mikið til að breyta sýn landfræðinga á hugtakið. Að síðustu mun ég velta fyrir mér hvernig heimfæra megi þessa nálgun upp á íslenskan veruleika og velta upp spurningum um mismunandi áferð íslensks landslags.

Mannfræðin og landslag

Rétt fyrir miðbik 10. áratugarins voru í fyrsta skipti gefin út mannfræðileg rit sem tóku beint á hugtakinu landslag. Þetta voru tvær bækur ritstýrðar annars vegar af Barböru Bender (1993) og hins vegar af Eric Hirsch og Michael O'Hanlon (1995). Það má segja að þessi tvö verk hafi sprottið út frá mismunandi fræðilegum áherslum og athygli vekur að þau eru ekki í samræðum hvort við annað. Samt sem áður eru bæði ritin undir miklum áhrifum hinnar svokölluðu Nýju-menningarlandfræði sem þá var nýrísín innan mannvistarlandfræðinnar. Þar fór fremstur í flokki landfræðingurinn Denis Cosgrove sem skrifaði undir áhrifum Marxískra fræðimanna sbr. Raymond Williams og rithöfundarins, listfræðingsins og gagnrýnandans John Berger (Wylie, 2007). Nýja menningarlandfræðin skilgreindi landslag út frá sjónrænum birtingarmyndum þess (*landscape as a way of seeing*) sem lagði áherslu á vald sjónarinnar og hvernig augum fólks er beint að ákveðnum ríkjandi sjónarhornum á meðan að breytt er yfir önnur. Áferð landslagsins mótaðist af því á hvaða hátt augum fólks var beint að því og áhorfið var mótað af útlínunum landslagsmálverkisins sem rammaði landslagið inn út frá forsendum hinnar ráðandi stéttar.

Á meðan landfræðingarnir voru uppteknir við birtingarmyndir vestræns landslags, og þá ekki síst hins breska, viðhéldu mannfræðingarnir sinni hefð með að skoða menningarlandslagsmyndir hinna ýmsu hópa og menninga, á fjarlægum slóðum en þó einnig nálægum. Eric Hirsch (1995) benti á, í inngangi bókar sinnar, að mannfræðingar hefðu fram að þessu ekki verið uppteknir af landslagi nema að því leyti sem að þeir noti eigin lýsingar á staðháttum annars fólks til að ramma inn þau svæði sem rannsóknir þeirra fara fram á en hafa á sama tíma litið fram hjá þeirri staðreynd að það býr fólk í því landslagi sem þeir setja myndrænt fram í lýsingum sínum. Bandaríski mannfræðingurinn Stanley Brandes (1997) lýsti þessu síðar í grein sinni um ljósmyndir

sem mannfræðingar birta í verkum sínum, með áherslu á verk þeirra sem höfðu gert þátttökurannsóknir á Spáni. Hann sýnir hvernig bæði gleiðmyndir af þorpum í landslagi og nærmyndir af fólki í þeim voru notaðar til að gefa vestrænum lesendum yfirsýn yfir landslagið sem raunverulegt en að sama skapi framandi. Það var því vestræn landslagsáferð sem birtist í framsetningu mannfræðinga á viðfangsefnum sínum. Þessi áhersla á sjónræna skynjun og vestrænt samhengi hennar setti mikinn svip á um þá umfjöllun sem mannfræðingar áttu sín á milli um landslag. Það var ljóst að þó mannfræðingar aldir upp í vestrænni vísindahyggju höfðu lært að berja umhverfi sitt augum og umbreyta því í landslag, þá var sú tegund skynjunar bundin við ákveðin menningar, stofnana og valdatengsl vestræns samfélags. Samfélag þar sem sjónin var metin sem hið æðsta form skynjunar. Þetta skapaði sýn á heiminn sem í orðum Barböru Bender (1993) var 'sjálfhverf' (*eco-centric*) (bls. 1) og einn aðaltilgangur mannfræði landslags var að neita ekki öðru fólki um tilveru þeirra í landslagi þó skynjun þeirra á umhverfið væri ekki alfarið, og kannski alls ekki, sjónræn og upplifun þeirra af því þá gjörólík.

Líkami og skynjun

Árið 1993¹ birtist tímaritsgrein eftir mannfræðinginn Tim Ingold undir nafninu *The temporality of landscape* sem hafði mikil áhrif á hvernig fræðimenn áttu eftir að nálgast viðfangsefnið. Það má segja að greinin hafi að stórum hluta til verið vel heppnuð tilraun til að brjótast undan áhrifum hinnar sjónrænu áherslu í vestrænum landslagsfræðum og landslagið tekur á sig nýja áferð með breyttri fræðilegri áherslu. Ingold leitar í smíðju fyrirbærafræðinnar sem leggur áherslu á hvernig veröldin er ekki upplifuð og skynjuð utan frá og út frá áhorfi heldur innan frá, í gegnum bein tengsl manns og umhverfis. Maðurinn er hluti af landslaginu og á sama tíma er landslagið órjúfanlegur hluti mannsins. Í þessu samhengi er upplifun af landslagi ekki bundin við sjónræna skynjun heldur fer hún fram í gegnum bein líkamleg tengsl við það sem verður til í gegnum íveru (*dwelling*) mannsins. Reyndar gengur Ingold mjög langt í gagnrýni sinni á sjónræna áherslu Nýju menningarlandfræðinnar og hafnar henni alfarið þegar hann segir: „Ég deili ekki þessu sjónarhorni. ... Ég hafna aðskilnaði á milli innri og ytri heima – sem lýtur að anda og efni, innihaldi og formi – sem slík aðgreining byggir á.“ (Ingold, 2000, bls. 191). Landslag sem er upplifað í gegnum íveru er hluti af okkur og sem slíkt er því ekki stillt upp fyrir framan okkur til áhorfs. Í enda greinarinnar leiðir hann lesandann *inn* í landslag Bruegel verksins *The Harvester* og deilir með honum upplifun sinni af því innan frá, í gegnum hvernig hann skynjar umhverfið með því að taka þátt í þeim athöfnum fólks sem fara fram í málverkinu. Á þennan hátt er áferð landslagsins síhreyfanleg í rými jafnt sem og í tíma og er fléttuð saman í gegnum margbreytileg og sífellt hreyfanleg tengsl líkama og landslags. Á sama hátt og maðurinn er á stöðugri hreyfingu í landslaginu í gegnum mismunandi athafnir þá hreyfist landslagið með honum, tekur breytingum sem á móti hafa áhrif á hvernig maðurinn athafnar sig. Landslagið er á þann máta gagnvirkur þátttakandi.

Með því að horfa á tengsl líkama og landslags má segja að Ingold hafi tekist að yfirstíga þá tvíhyggju sem oft hefur loðað við mannfræðina með það að skilgreina okkur og hina; okkur sem skilyrt afsprengi vestrænnar hugsunar og hina sem eru öðruvísi og þess vegna oftast kúgaðir. Fyrirbærafræðileg áhersla kemur líkamanum sem lifandi og virkum inn í orðræðuna sem byrjunarreit til nálgunar á hugtakið landslag. Á hinn bóginn hefur greinin hlotið gagnrýni sem oft á tíðum á rétt á sér. Það hefur verið bent á hvernig ógagnrýnin notkun á íveruhugtaki Heideggers leiði til þess

¹ Greining var endurútgefin árið 2000 og er stuðst við þá útgáfu í þessum texta.

að það landslag sem Ingold setur fram sé hugmyndafræðilega óraunverulegt á þann hátt sem það líður áfram án þeirra átaka sem hvað oftast einkenna hið daglega líf (sjá t.d. Massey, 2006; Urry, 2000; Wylie, 2003). Nálgun Ingolds gerir ráð fyrir að allir eigi sér stað í tilverunni og í sjálfu sér er hugtakið landslag í þessari framsetningu ekki svo langt frá því hvernig staðarhugtakið hefur verið sett fram í fræðunum. En það er ekki síst hin algera höfnun hans á hinni sjónrænu skynjun sem fræðimenn hafa gagnrýnt. Chris Tilley (1994) bendir til dæmis á að með því sé hann að endurvekja tvíhyggju á milli skynjunar annars vegar og túlkunar hins vegar. Er mannfólkið fangar athafna sinna og er hægt að segja til um hvað kemur á undan skynjun eða túlkun? Wylie (2003) bendir einnig á að sjónræn skynjun sé einnig athöfn í sjálfu sér og þar að auki líkamleg.

Áhersla Ingolds hefur vakið fræðimenn til umhugsunar um hvort hægt sé að tala um líkamlega skynjun og aðgreina á milli mismunandi tegunda skynupplifana, þ.e. að aðgreina á milli þannig að ein tegund skynjunar sé ríkjandi á kostnað annarra? Þessari spurningu vil ég svara með því að hverfa aftur á vit mannfræðinganna sem að nefndir voru hér að framan og benda á að skynjun, og þá einnig landslag, hlýtur alltaf að vera háð menningarlegum bakgrunni. Áherslan á hið sjónræna í vestrænu samhengi er, eins og margir fræðimenn hafa bent á (t.d. Jay, 1994), sögulegt afsprengi lista og vísindahyggju. Má ekki taka vangavelturnar lengra og spyrja *hvernig* við sjáum en ekki eingöngu að taka hinu sjónræna sem gefnu. Í grein um fjallgöngur í Skotlandi (Lund 2005) tek ég skynjun og upplifun af landslagi sérstaklega fyrir og tala um „augað sem snertir“ (*the touching eye*). Í því samhengi bendi ég á að það er mikilvægt að þeir fjallgöngumenn sem ég vann með, yfirleitt af breskum eða evrópskum uppruna, hafa lært að skynja landslagið á ákveðinn máta, útfrá hinu sjónræna. Á 19. öldinni voru meðal annars skrifuð rit sem kenndu ferðalangnum að horfa á landslagið og læra að meta samsetningu lita og forma þess sem að hefur áhrif á hvernig við skynjum landslagið sem umlykur okkur. Á hinn bóginn má ekki heldur gleyma þeirri staðreynd að á ferðum sínum um fjallendið þarf sá sem gengur að beita fyrir sig öllum líkama sínum sem óneitanlega hefur áhrif á hvernig fjallgöngumaðurinn sér. Eina stundina beinist athyglin öll að nærumhverfinu og þá næstu réttir líkaminn úr sér og athyglin beinist að því sem er fjarri, sem tekur á sig sífellt nýjar myndir eftir því sem gangan heldur áfram. Í þessu ferli leikur landslagið sjálft mikilvægan þátt, það mætir göngumanninum sem rennur saman við það í gegnum ferli göngunnar. Það er í þessu ferli sem að snertingin á sér stað þ.e. í því hvernig maðurinn og landslagið verða hluti hvort af öðru. Í þessum samruna skapast ákveðið andrúmsloft eða stemning (*atmosphere*) sem að má segja að skapi áferð landslagsins (Böhme, 2000). En andrúmsloftið er meira en bara sú stemning sem myndast. Andrúmsloftið leikur einnig sinn þátt í að skapa landslagið og í nýjustu skrifum sínum hefur veðrið, og þá ekki síst vindurinn, verið Ingold hugleikið. Í því samhengi fordast hann enn frekar efnisleg form og birtingarmyndir landslagsins. Þessi afstaða vekur enn frekari, og jafnvel áleitnari spurningar um áferð landslags.

Áferð andrúmsloftsins

Hvar tekur himininn við af yfirborði jarðar? Þetta er spurning sem verður Ingold (2006, 2007) hugleikin í nýlegum skrifum og í hans huga þá er ekki um nein skil að ræða þar á milli. Við tengjum áferð landslags venjulega við það sem að er áþreifanlegt, skynjum heiminn út frá staðsetningu okkar á yfirborði jarðar á meðan himininn er óþreifanlegur og fjarlægur heimur. Hann vitnar í þessu samhengi til ameríska sálfræðingsins James Gibson sem sagði að umhverfið samanstæði ‘af jörðinni og himninum með hluti á jörðinni og í himinum [(*on the earth and in the sky*)], fjöll og ský, elda og sólarlag, steinvölur og stjörnur’ (Ingold, 2007, bls. S26). En hann spyr sig, er þetta virkilega svo? Ef við lítum til himins þá áttum við okkur á því að hann er sífellt

að breytast, hann er í stöðugri myndun, skýjamyndir breytast, myrkur tekur við af ljósi, stjörnur birtast. En það er það sama með yfirborð jarðar. Við upplifum fjallið sem við horfum á í fjarska ekki á sama hátt og sama fjallið þegar við göngum á það heldur tekur það breytingum í gegnum hvernig við tengjumst því og skynjum það. Eldur sem brennur er eldur af því að við skynjum logana og finnum hitann og lyktina. Heimurinn í kringum okkur, ekki bara himininn er sífellt í myndun. Landslagið í kringum okkur er ekki samansett af hlutgeringum heldur er það sífellt í mótun í gegnum líkamlega upplifun okkar af því og á þann hátt eru maðurinn og landslagið órjúfanlegt hvort frá öðru. Hvort um sig mótar tilveru hvers annars. Þess vegna eigum við ekki að horfa á jörðina annars vegar og himininn hins vegar heldur það sem tengir þau saman, andrúmsloftið sem umlykur, og gerir þau óaðskiljanleg hvort frá öðru.

Það er í þessu samhengi sem að Ingold lítur til veðurs og vinda sem að er á sífelldri hreyfingu í kringum mannfólkið. Við erum því ekki staðsett á jörðinni heldur frekar í því sem að umlykur, sem skapar áferðina. Við snertum ekki yfirborðið, heldur erum við í stöðugri snertingu við andrúmsloftið sem að skapar tilfinningu fyrir síbreytilegu landslaginu. Ég er sammála Ingold í þessu nema að því leyti að enn og aftur finnst mér að umfjöllun hans sé tekin úr samhengi við menningarlega upplifun. Vindur og veður eru breytileg. Upplifun á veðri á mismunandi stöðum og í mismunandi menningarlegu samhengi er sjaldnast eins. Einnig vil ég halda því fram að það sem umlykur sé meira en það sem býr í veðrinu. Í þessu samhengi er ágætt að varpa fram dæmi. Dæmið sem um ræðir á sér stað í íslensku fjallendi. Ástæða þess að ég hef valið þetta dæmi er sú að það andrúmsloft sem að um ræðir er ekki samansett af veðri og vindum, jafnvel þó veður gæti hafa leikið sinn þátt í því. Dæmið er miklu frekar háð áhrifum þess andrúmslofts sem myndast þegar mismunandi menningarheimar mætast, í þessu tilfalli íslenskt fjallendi og hins vegar amerískur ferðalangur sem ferðast í því. Ég mun aðeins segja söguna í stuttu máli hér en hún er aðgengileg í ritstýrðu verki sem kemur út síðar á árinu (Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund, 2010).

Ferðalangurinn sem um ræðir hafði dvalið í þó nokkurn tíma á Íslandi. Hún var vön göngu- og útivist og hafði verið boðin með göngufélögum, sem hún hafði gengið með í nágrenni Reykjavíkur, í lengri ferð norður á Tröllaskaga. Hún hélt dagbók um ferðalagið sem að ég fékk aðgang að. Í byrjun dagbókarinnar lýsir hún hvernig hún reynir að finna sig í þessu landslagi sem að kemur henni sífellt á óvart, og jafnvel kemur aftan að henni og bregst henni þegar félagar hennar fara slóðir sem hún á erfitt með að fóta sig á. Hún finnur fyrir stöðugu varnarleysi í fjöllum sem virðast yfirgnæfa hana og er fjarlæg fólkinu í hópnum sem hún gengur með sem virðast þekkja og upplifa fjöllin á annan máta. Andrúmsloftið er á einhvern hátt þrungnið óstöðugleika, snerting þess er óþægileg og sá tímunktur kemur að hún missir fótana og sveipast niður snjólagða fjallshlíðina en er bjargað af ferðafélaga. Í framhaldi af því þá fer athygli ferðafélaganna að beinast að henni og þeir fara að tala við hana til að hún gefist ekki upp. Ómeðvitað fer hún að gera sér grein fyrir umhverfinu. Hún fer að hlusta á ferðafélagana og frásagnir þeirra - persónulegar, sögulegar, mítukenndar – sem gerir það að verkum að hún fer að hlusta á það sem landslagið segir henni þegar hún heldur göngunni áfram. Í dagbókina skrifar hún:

I began to understand how these histories and sagas give a context for every large boulder, every hill and so many now deserted farmlands. And they do more. Through these stories every natural feature becomes an included part of society, a rock, a hill, becomes a persona itself, through the beings and histories who inhabit this wild land, it becomes connected to the people who have struggled to survive and often lost.

Með öðrum orðum, kletturinn eða hóllinn er ekki bara hlutgeringar í landslaginu heldur tala þeir til hennar sem lifandi fyrirbæri sem eiga sér sögu. Hún getur hlustað á þá líkt og maður finnur lyktina af eldinum eða finnur fyrir nærveru fjallsins. Í frásögn

sinni minnst hún aldrei á veður, sem gæti þó vel hafa haft sín áhrif, en það segir okkur að það sem umlykur, andrúmsloftið vefur saman áferð landslagsins sem maðurinn er þá órjúfanlegur hluti af.

Lokaorð

Í þessari grein hef ég leitast við að velta upp mismunandi hugmyndum um áferð landslags og tekið sérstaklega fyrir hugmyndir mannfræðingsins Tim Ingold sem fræðimanns sem hefur haft mikil áhrif á landslagsfræðin, einkum innan félagsvísindanna. Ég tel að landslagsfræðin, eins og þau hafa þróast, geti verið notuð til að gefa góða innsýn inn í mismunandi menningarheima og hvernig þeir endurspeglast í umhverfinu. Mannfræðingar á 10. áratug síðustu aldar voru að mörgu leyti uppteknir við þetta en þó með þeim máta að aðgreina á milli okkur og hinna – hins vestræna heims sem bundin í klafa sjónrænnar skynjunar á meðan að aðrir menningarheimar upplifðu það landslag, sem þó mátti ekki neita þeim um, á annan hátt.

En engin menning er bundin einum stað, hún er sí hreyfanleg í tíma jafnt sem rými og á sama hátt er landslagið í sífelldri mótun og endurnýjun. Það er í þessu samspili hreyfingar sem maður og landslag móta hvort annað og verða óaðgreinanlegir hlutar hvort af öðru.

Heimildir

- Bender, B. (1993). *Landscape: Politics and perspectives*. Oxford: Berg.
- Brandes, S. (1997). Photographic imagery: In the ethnography of Spain. *Visual Anthropology Review*, 13(1), 1-13.
- Böhme, G. (2000). Acoustic atmospheres: A contribution to the study of ecological aesthetics. *Soundscape, The Journal of Acoustic Ecology*, 1(1), 14-18.
- Hirsch, E. og O'hanlon, M. (1995). *The anthropology of landscape: Perspectives on place and space*. Oxford: Clarendon Press.
- Hirsch, E. (1995). Landscape: Between place and space. Í E. Hirsch & M. O'Hanlon (ritstjórar), *The anthropology of landscape: Perspectives on place and space* (bls. 1-30). Oxford: Clarendon Press.
- Jay, M. (1994). *Downcast eyes: The denigration of vision in twentieth-century French thought*. Berkeley: University of California Press.
- Ingold, T. (2000). *The perception of the environment: Essays in livelihood, dwelling and skill*. London: Routledge.
- Ingold, T. (2006). Rethinking the animate, re-animating thought. *Ethnos*, 71(1), 9-20.
- Ingold, T. (2007). Earth, sky, wind, and weather. *Journal of the Royal anthropological Institute*, (N.S.), S19-S38
- Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund. (2010). *Conversations with landscape*. Farnham: Ashgate.
- Lund, K. (2005). Seeing in motion and the touching eye: Walking over Scotland's mountains. *Ethnofoor*, XVIII(1), 27-42.
- Massey, D. (2006). Landscape as provocation: Reflections on moving mountains. *Journal of Material Culture*, 11(1/2), 33-48.
- Tilley, C. (1994). *A phenomenology of landscape: Places, paths and monuments*. Oxford: Berg.
- Urry, J. (2000). *Sociology beyond societies: Mobilities for the twenty-first century*. London: Routledge.
- Wylie, J. (2003). Landscape, performance and dwelling: A Glastonbury case study. Í P. Cloke (ritstjóri), *Country visions* (bls. 136-157). London: Pearson/Prentice Hall.
- Wylie, J. (2007). *Landscape*. London: Routledge.